

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 228/2018

2021/EES/62/07

frá 5. desember 2018

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/192 frá 8. febrúar 2018 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofur ESB á sviði aðskotaefna í fóðri og matvælum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í hluta 1.1 í I. kafla:

„– **32018 R 0192:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/192 frá 8. febrúar 2018 (Stjútíð. ESB L 36, 9.2.2018, bls. 15).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við í lið 31j í II. kafla (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004):

„– **32018 R 0192:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/192 frá 8. febrúar 2018 (Stjútíð. ESB L 36, 9.2.2018, bls. 15).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzi (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0192:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/192 frá 8. febrúar 2018 (Stjútíð. ESB L 36, 9.2.2018, bls. 15).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/192, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 36, 9.2.2018, bls. 15.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.